

ÍSLE3LJ05

Búið til: Wed, 06 Nov 2019 12:13:09 GMT

Titill

Íslenska ljóðagerð

Skammstöfun

ÍSLE3LJ05

Útgáfunúmer

None

Námsgrein

íslenska

Viðfangsefni

Ljóð

Staða

í vinnslu

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Á þriðja þrepi eru auknar kröfur gerðar til sjálfstæðis nemenda í námi og hæfileika þeirra til að koma þekkingu sinni skýrt og greinilega frá sér í ræðu sem og riti. Ætlast er til að nemendur sýni frumkvæði og eigi auðvelt með að afla sér upplýsinga um tiltekin viðfangsefni tengd áfanganum sem og að þeir læri að nýta sér þau hjálpartæki sem þeir þurfa til ritunar og skilnings. Í áfanganum kynnast nemendur þróun ljóðlistar á Íslandi allt frá landnámsöld til okkar tíma. Fjallað verður um helstu strauma og stefnur í íslenskri ljóðlist og helstu skáld á hverju tímabili. Nemendur læra grunninn í íslenskri bragfræði og að setja saman vísur á réttan hátt. Fjallað verður um helstu hugtök sem tengjast listinni að semja ljóð og setja saman vísur og nemendur þjálfast í notkun þeirra.

Forkröfur

A.m.k. 10 einingar á 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- formi og einkennum íslenskrar bragfræði
- sögu og þróun íslenskrar ljóðlistar, stöðu hennar innan bókmenntanna og hlutverki hennar í menningarsögu þjóðarinnar
- helstu hugtökum sem tengjast ljóðagerð
- verkum ýmissa íslenskra ljóðskálda

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig á skýran, gagnrýnninn og skapandi hátt um þá þekkingu sem þeir öðlast
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við útfærslu verkefna
- setja saman vísur eftir reglum íslensku bragfræðinnar
- beita helstu hugtökum sem tengjast íslenskri ljóðlist
- lesa og fjalla um ljóðlist á gagnrýnninn og fræðilegan hátt
- flytja af öryggi vel byggða kynningu á bókmenntalegu viðfangsefni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- njóta þess að lesa ljóð og getað mótað hugsanir sínar í ljóðform, jafnt með hefðbundnum sem, óhefðbundnum hætti
- tjá rökstudda afstöðu og taka þátt í málefnalegri umræðu um ljóðlist
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**